



**Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 20. febrúar 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (afnám banns við heimabrugun til einkaneyslu), 48. mál á 150. löggjafarþingi 2019 – 2020.

Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 er varðar afnám banns við heimabrugun til einkaneyslu.

Lögreglustjóri telur rétt að gera athugasemdir við frumvarpið. Greinargerð með frumvarpinu ber með sér að markmið þess sé m.a. að koma því til leiðar að aðilar geti án afskipta lögreglu framleitt áfengi með gerjun til einkaneyslu og virðist gengið út frá því að ákvæði í núgildandi áfengislögum nr. 75/1998 sem banni framleiðslu áfengis til einkaneyslu sé í raun dauður bókstafur þar sem almenningur sé lítt upplýstur um bannið og framleiðsla áfengis til einkanota hafi að mestu verið látin viðgangast óáreitt.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 4. gr. og 6. gr. áfengislaga nr. 75/1998 (hér eftir einnig nefnd „áfengislög“), annars vegar breytingar sem lúta að heimild einstaklinga til að framleiða áfengi til einkaneyslu með gerjun á meðan framleiðsla áfengis til einkaneyslu með eimingu verður bönnuð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og hins vegar að eftirleiðis skuli framleiðendur áfengis sækja um leyfi til framleiðslunnar ef hún er í atvinnuskyni, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um a. lið 1. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gildandi laga varðar innflutningur, heildsala, smásala og framleiðsla áfengis sem fer fram í atvinnuskyni án leyfis refsingum samkvæmt 27. gr. laganna. Það varðar einnig refsingu skv. 27. gr. laganna að framleiða áfengi til einkaneyslu eða sölu, sbr. a. liður 2. mgr. 4. gr. laganna. Með a. lið. 1. gr. frumvarpsins er lagt að orðin „einkaneyslu eða“ í a. lið 2. mgr. 4. gr. falli á brott úr lögunum og með b. lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við ákvæðið bætist nýr stafliður, svohljóðandi: „að framleiða áfengi til einkaneyslu með eimingu“. Í greinargerð við frumvarpið kemur fram að með þessu sé lagt til að bann við framleiðslu áfengis til einkaneyslu með gerjun verði afnumið en aftur móti kemur að framleiðsla áfengis með eimingu verður, líkt og

kemur fram í greinargerð, áfram refsiverð, óháð því hvort framleiðslan er ætluð til einkaneyslu eða í sölu- og dreifingarskyni.

Meðferð og neysla áfengis hjá ungmennum

Í 21. gr áfengislaga segir að óheimilt sé að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem er yngri en 20 ára. Ávallt þegar ástæða er til ætla að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri skal sá sem selur, veitir eða afhendir það láta hlutaðeigandi sanna aldur sinn með því að sýna skilríki með mynd eða á annan fullnægjandi hátt.

Samkvæmt gildandi lögum er framleiðsla áfengis til einkaneyslu eða sölu óheimil og refsiverð, sbr. a. liður 2. mgr. 4. gr. og 27. gr. laganna. Þá er hvers kyns sala, veiting eða afhending áfengis til einstaklinga undir 20 ára aldri óheimil. Lagafrumvarpið, verði það að lögum í óbreyttri mynd, leiðir til þess að hvers kyns sala og afhending áfengis til aðila undir 20 ára verður eftir sem áður óheimil og refsiverð en á sama tíma er einstaklingum undir 20 ára aldri ekki óheimilt að framleiða áfengi til einkaneyslu. Það leiðir til þeirrar óheppilegu aðstöðu að sala og veiting áfengis til einstaklinga undir 20 ára aldri er óheimil á meðan sömu aðilum er heimilt að lögum að framleiða áfengi til eigin neyslu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er fyrirséð að þessi ágalli á löggjöfinni valdi vandkvæðum í framkvæmd. Lögreglustjóri telur af þessum sökum nauðsynlegt að brugðist verði við þessari athugasemd við frumvarpinu þannig að framleiðsla áfengis til eigin neyslu verði háð aldurstakmörkunum.

Framleiðsla áfengis með eimingu eða öðrum aðferðum

Með frumvarpinu er lagt til að framleiðsla áfengis til einkaneyslu með eimingu verði óheimil. Í greinargerð við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 er vísað til fyrri umsagna um sambærileg lagafrumvörp þar sem fjallað er um greinarmuninn á gerjun annars vegar og eimingu hins vegar og segir þar að bruggun með eimingu kunni að valda stórkostlegu heilsutjóni sé hún framkvæmd af aðila sem hefur ekki fullkomna kunnáttu á ferlinu en á meðan einungis sé hægt að framleiða upp að u.þ.b. 15% hreinum vínanda með gerjun einni saman. Af lögskýringargögnum fæst ekki séð að aflað hafi verið frekari gagna um þá möguleika sem framleiðsluaðferðirnar bjóði upp á og að mati lögreglu er varhugavert að að leggja til grundvallar að öll framleiðsla áfengis til einkaneyslu með gerjun verði heimiluð án frekari skoðunar.

Í greinargerð við frumvarpið er vikið að því til samanburðar hvernig löggjöfin er í öðrum Norðurlöndum en þar kemur fram að í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi er framleiðsla áfengis til einkaneyslu takmörkuð við það að hreinn vínandi fari ekki yfir 22% af hreinum vínanda miðað við rúmmál. Þá kemur fram að í Danmörku sé framleiðsla sterkra áfengisdrykkja til einkaneyslu háð áfengisgjaldi en engar skorður settar við bruggun bjórs og léttvíns. Af lögskýringargögnum verður ekki ráðið af hverju lagt er til hér á landi verði framleiðsla áfengis til einkaneyslu bundin við framleiðsluaðferð fremur en hámarksprósentu líkt og gert á flestum öðrum

Norðurlöndum. Af hálfu lögreglu er bent á að það að færi betur að afmarka í lögum hver er hámarksprósenta áfengis sem einstaklingar mega framleiða til einkaneyslu líkt og gert er í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.

Refsiramminn

Í greinargerð við frumvarpið er tilgreint að markmið frumvarpsins sé fyrst og fremst að lagfæra þá ómögulegu stöðu að þung refsing liggji við almennt viðurkenndu athæfi, en það ástand búi til ófyrirsjáanlegt geðþóttavald sem flutningsmenn frumvarpsins telja draga úr rétti borgaranna til að þekkja fyrirfram afleiðingar gjörða sinna. Brot gegn áfengislögum nr. 75/1998 eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að sex árum, sbr. 1. mgr. 27. gr. áfengislaga. Þá segir í 2. mgr. 27. gr. laganna að við ákvörðun sektar skuli hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi. Innflutningur og framleiðsla áfengis án leyfis varðar fangelsi auk sekta ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er margítrekað eða öðru leyti stórfellt, sbr. 3. mgr. 27. gr. laganna.

Um þetta atriði frumvarpsins, þ.e. varðandi hinar meintu þungu refsingar, bendir lögreglustjóri á að Ríkissaksóknari hefur gefið út fyrirmæli nr. 2/2019 um brot sem ljúka má með lögreglustjórasedkt og gr. 2.4. er fjallað um brot gegn áfengislögum nr. 75/1998 og lögreglusamþykktum. Samkvæmt gr. 2.4.1. í fyrirmælum nr. 2/2019 er grunnsekt vegna brota gegn 1. og 2. mgr. 4. áfengislaga kr. 50.000,- og við ákvörðun sektar umfram grunnsekt skal hafa hliðsjón af lögbundnu áfengisgjaldi, sbr. 2. mgr. 27. gr. áfengislaga og þá skal áfengi sæta upptöku samkvæmt 1. og 3. mgr. 28. gr. áfengislaga, sem og áhöld og tæki sem í þeirri grein eru talin.

Önnur atriði

Loks verður ekki hjá því komist að gera athugasemd við frumvarpið en breytingartillögurnar einar og sér munu að mati lögreglustjóra valda innbyrðis ósamræmi í lögunum verði ekki ráðist í endurskoðun á öðrum ákvæðum laganna samhliða breytingartillögum og vísast um það atriði aftur til fyrri umfjöllunar um heimild einstaklinga undir 20 ára aldri til að framleiða áfengi til einkaneyslu. Því til viðbótar má benda á 7. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu er bannað að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengis sem var ódrykkjarhæft, nema hafa til þess leyfi og þá segir í 2. mgr. 28. gr. laganna að gera skuli tæki skv. 7. gr laganna upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki. Þá er bent á b. lið 3. mgr. 28. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu skal gera upptækt áfengi sem ungmenni undir 20 ára aldri hafa undir höndum en líkt og vikið var að hér að framan virðist ungmennum undir 20 ára aldri verða heimilt að framleiða áfengi til eigin neyslu ef frumvarpið nær fram að ganga.

F.h.l.

Haukur Gunnarsson
Haukur Gunnarsson
aðstoðarsaksóknari

